



Reykjavík, 9. desember 2024

FAS22040006

Borgarráð,

Efni: Heimild til framlengingar í samningi um milli- og löginneimtuþjónusta og samþykkt viðauka

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að heimild til að framlengja samningi dags. 30. nóvember 2017 milli Reykjavíkurborgar og Gjaldheimtunnar ehf. og Momentum greiðslu og innheimtuþjónustu ehf. um milli- og löginneimtu um tvö ár verði nýtt þannig að hann gildi nú til 31. desember 2026 og nái því til krafna sem stofnaðar eru á tímabilinu 1. janúar 2025 til 31. desember 2026.

Þá er óskað eftir því að borgarráð samþykki hjálögð drög að viðauka við samninginn.

Greinargerð:

Þann 21. september 2017 samþykkti borgarráð að fara í útboð á þjónustu vegna milli- og löginneimtu til næstu fimm ára, þ.e. frá tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2022. Samningurinn var undirritaður 30. nóvember 2017.

Eftir útboð var ákveðið að ganga til samninga við Gjaldheimtuna ehf. og Momentum greiðslu- og innheimtuþjónustu ehf. um að sinna fjármálaþjónustu vegna milli- og löginneimtu fyrir Reykjavíkurborg vegna krafna sem væru stofnaðar á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2022. Í samningi kemur fram að heimilt er, að fengnu samþykki mótaðila, að framlengja samningum í tvígang í allt að tvö ár í senn.

Með viðauka dags. 8. júní 2022 var framlengdur samningur um milli- og löginneimtu milli Reykjavíkurborgar og Gjaldheimtunnar ehf. og Momentum ehf. þannig að hann gildi um kröfur stofnaðar á tímabilinu 1.1 2023 til og með 31.12 2024.

Með viðauka dags. 16. desember 2022 voru gerðar breytingar á 1. og 2. mgr. 8 gr. samningsins sem fólu í sér að Inkasso-Momentum ehf., kt. 630413-0360 og Gjaldheimtan ehf., kt. 640214-5800 (á þeim tíma nefnt Lög og innheimta ehf.) gerðust aðilar að fyrrgreindum samningi.

Gjaldheimtan ehf. og Inkasso ehf. (og fyrirrennarar þeirra) hafa sinnt fjármálaþjónustu vegna milli- og löginneimtu fyrir Reykjavíkurborg samkvæmt samningi síðan 1. janúar 2018. Samstarfið hefur verið gott og hafa fyrirtækin unnið náið með þeim starfsmönnum borgarinnar sem sinna innheimtu auk þess sem viðmót gagnvart borgarbúum hefur verið jákvætt og sveigjanlegt þegar kemur að greiðslu vanskilakrafna.

Á tímum heimsfaraldurs tóku fyrirtækin að sér aukið hlutverk varðandi innheimtuþjónustu en þá bauð Reykjavíkurborg upp á greiðsludreifingu almennra krafna til lengri tíma en áður hafði boðist auk þess sem boðið var upp á frestun ákveðinna gjalldaga fasteignagjalda vegna atvinnuhúsnæðis og síðar greiðsludreifingu fasteignagjalda vegna atvinnuhúsnæðis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau héldu alfarið utan um þessa samninga fyrir Reykjavíkurborg. Jafnframt tóku fyrirtækin að sér aukin verkefni þegar ákveðið var að endurgreiða dráttarvexti fasteignagjalda til þeirra sem fengu samning um



greiðsluáðlögun hjá Umboðsmanni skuldara í kjölfar fjármálakreppunnar sem hófst með falli viðskiptabankanna haustið 2008. Töluverð vinna fólst í að finna út hverjir áttu rétt á endurgreiðslu og að reikna út upphæð hvernar endurgreiðslu. Erfitt hefði verið að klára það verkefni nema með góðu samstarfi við Gjaldheimtuna og Momentum.

Markmið Reykjavíkurborgar er að innheimtupjónusta sé sem hagkvæmust fyrir borgarbúa. Á samningstímanum hafa engar breytingar verið á einingarverðum en í samningnum kemur fram að ekki megi breyta einingarverðum nema gerðar verði breytingar á hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. með síðari breytingum.

Haustið 2022 var tilkynnt að hluthafar Inkasso ehf. og Momentum ehf. hafi náð samkomulagi um sameiningu félaganna og þann 16. desember 2022 var gerður viðauki við samninginn sem fólu í sér að Inkasso-Momentum ehf. og Gjaldheimtan gerðust aðilar að samningnum.

Í útboðinu árið 2017 bárust eingöngu tvö tilboð og var tilboð Gjaldheimtunnar ehf. og Inkasso ehf. (og fyrirrennara þeirra) umtalsvert lægra en mótbjóðanda. Síðan þá hefur bæst í flóru þeirra fyrirtækja sem taka að sér að sinna þessari þjónustu. Vegna þessa og þar sem hér er verið að leggja til að nýta seinni framlengingarheimildina liggur fyrir að hafinn verður undirbúningur að nýju útboði á næstu misserum. Gera má ráð fyrir að fleiri aðilar munu bjóða í þjónustuna.

Töluverð fjárfesting liggur að baki í samþættingu kerfa og vinnubragða við innheimtu. Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur því eindregið til að á þessum tímapunkti verði framlengingarheimild í samningnum nýtt og borgarráð samþykki hjálagðan viðauka og samningi um milli- og löginheimtu milli annars vegar Reykjavíkurborgar og hins vegar Gjaldheimtunnar ehf. og Inkasso ehf. verði framlengt til næstu tveggja ára og að hann ná til krafna sem stofnaðar eru á tímabilinu 1. janúar 2025 til 31. desember 2026.

Virðingarfyllst,

Haldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Hjálagt:

Viðauki III við samning um milli- og löginheimtu, DRÖG - dags. 6. desember 2024.